

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
nefnasvid@althingi.is



Reykjavík, 18. júní 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki (naudasamningar), 787. mál og frumvarp til laga um stöðugleikaskatt, 786. mál.

Vísast til tveggja frumvarpa, annars vegar til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og hins vegar til setningar nýrra laga um stöðugleikaskatt, sem eru liður í aðgerðum til losunar fjármagnshafta. Samtök iðnaðarins fagna áformum stjórnvalda um að afnema fjármagnshöftin enda standa höftin í vegi fyrir fjárfestingu á Íslandi og þátttöku íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum. Með áætlun stjórnvalda um afnám gjaldeyrishaftanna skapast betri aðstæður fyrir fjárfesta, bæði erlenda og innlenda, til að taka langtímaákvæðanir um fjárfestingar á Íslandi.

Þess er getið í frumvörpunum að það fjármagn sem rennur til ríkissjóðs og Seðlabanka vegna boðaðra aðgerða skuli eingöngu fara til niðurgreiðslu skulda. SI telja það algjöra lykilforsendu að þetta gangi eftir og hvetja til þess.

Samhliða afnámi gjaldeyrishaftanna telur SI mikilvægt komast að niðurstöðu um framtíðarskipan gjaldmiðlamála í landinu. Skýr peningastefna er grundvallarforsenda þess að fyrirtæki í alþjóðlegri starfsemi séu samkeppnishæf.

Virðingarfyllst,

Almar Guðmundsson,
framkvæmdastjóri